



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 22. Október 2024

Fundur hófst: 19:35

Fundi slitið: 21:05

Fundinn sátu: Markús Elvar Pétursson, Helga Veronica Foldar, Þura Z.Þórðardóttir, Gabríel Pétursson, Freydís Björnsdóttir, Thomas Viderö og Rán Pétursdóttir

Funargerð ritaði: Rán/ Þura

Dagskrá

1. Samþykkt fundargerða

- Frestað vegna þess að ritari var ekki mættur.

2. Farið yfir samning SKFÍ og Þyts

- Samþykkt.

3. Myndavélamálið

- Viðkvæmt mál rætt sem ekki er hægt að upplýsa í fundargerð.

4. Félagsfundurinn

- Var haldinn, fámennt en góðmennt. Engin athugasemd við deiliskipulagið.

5. Fulltrúaráðsfundur IBH

- Erindi um forvarnarmál og hvernig búið er að missa dampinn í þeim efnum að einhverju leiti.
- Fulltrúar íþróttafélgana fóru í pontu og sögðu frá starfinu sínu. Markús nýtti tækifærið og talaði um opnu húsin og deiliskipulagið, talaði einnig almennt um starfið.
- Sú sem sér um afreksdeildina í Flensborg kom og talaði um samstarf deildarinnar við íþróttafélögin. Það eru 250 krakkar af 600 og eitthvað börnum sem eru á afreksíþróttadeild.

6. Framboð til stjórnar 2025

- Markús vill taka að sér minna hlutverk innan stjórnar þar sem hann stefnir á siglingu 2026. Helga Veronica Foldar er tilbúin að bjóða sig fram til formanns.
- Þórhallur og Gabríel eru til í að vera áfram og Helga Veronica, Þura og Freydís eru kjörnar til tveggja ára.

7. Önnur mál

- Lagabreytingar fyrir aðalfund. Breytingartillaga að breyta félagsgjaldi í fjölskyldugjald. Þetta þarf að vera skýrara í lögum Þyts.
- Önnur tillaga að lagabreytingu; ef þú ert félagsmaður í Þyt og stjórnamaður í öðru félagi getur þú ekki boðið þig fram til stjórnar Þyts. Hagsmunaárekstur.
- ÍSÍ og ÍBH þurfa að leggja blessun sína yfir tillöguna að lagabreytingunni og síðan er hún lögð fyrir aðalfund. Markús talar við Þórð um að gera tillöguna að breytingu.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

- d. Það á enn eftir að panta talstöðvar.
- e. Reikningar frá Markúsi v/ kjölbátanámskeiða í sumar og rætt um skiptingu íþróttastjórastyrksins milli Markúsar og til þess að fjármagna laun þjálfara sem fengnir voru til að halda utan um starfið í sumar (Laura og Marti).
- f. Samþykkt að þura kaupi 4 myndir fyrir ganginn.
- g. Salurinn – þarf að pússa parketið og mála barinn.